

Ytra mat grunnskóla

Reykjahlíðarskóli

Vorönn 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Skútustaðahrepp

Höfundar: Svanfríður Jónasdóttir og Þórdís Hauksdóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2344-9

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirgni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	10
1.7 Leiðtogahæfni stórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.2. Árangur náms	13
2.3 Gæði kennslu	15
2.4 Skipulag náms.....	16
2.5 Námsvitund	17
2.6 Ábyrgð og þátttaka	17
Þáttur 3 – Innra mat	19
3.1 Skipulag.....	19
3.2 Framkvæmd.....	19
3.3 Umbætur	20
Þáttur 4 – Skólabragur.....	20
4.1. Stefna og viðhorf	20
4.2. Líðan nemenda	20
4.3. Nemendalýðræði.....	21
4.4. Verklagsreglur og áætlanir	21

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit sem fór fram á vorönn 2019. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *skólabragur*.

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skóla- og félagsmálanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í Reykjahlíðarskóla og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópin sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Skólastjóri skapar svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna, innan og utan skóla.
- Séð er til þess að niðurstöður varðandi stöðu og framfarir nemenda séu ræddar, skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum.
- Starfsmenn sem sækja endurmenntun á vegum skólans miðla áfram til samstarfsfólks á sérstökum fundum eða skila skýrslu um námskeiðið til skólastjóra sem er aðgengileg fyrir allt starfsfólk.
- Gefin er út „símaskrá“ sem fer inná öll heimili og geymir m.a. upplýsingar um það hverjir eiga sæti í hinum ýmsu nefndum og ráðum, einnig hvar nemendur eiga sæti og hverjir það eru.
- Foreldrar eiga sæti í skólaráði, stýrihópi um Heilsueflandi grunnskóla og Grænánaverkefni.
- Grenndarsamfélagið er notað til kynninga og heimsókna og situr fulltrúi grenndarsamfélagsins í skólaráði.
- Mikil mæting er úr samfélaginu þegar skólinn býður á samkomur eða viðburði.
- Skólastjóri fylgist með störfum starfsmanna og veitir þeim endurgjöf á störfum.
- Leitast er við að styrkja leiðtogaþæfni starfsmanna skólans og fela breiðum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að allir aðilar skólasamfélagsins eigi aðild að stefnumótun skólans.
- Nemendur fái þjálfun í að taka þátt í störfum nefnda og ráða.
- Áherslur um símenntun starfsmanna komi fram í starfsáætlun og tengist umbótaáætlunum skólans.
- Tryggja að fundargerðir séu haldnar og að framgangur verkefna sé reglulega skráður.
- Gera þarf ráð fyrir þeirri starfsþróun sem skólastarfið er talið þarfnast í símenntunaráætlun skólans.
- Vinna og skrá, í samstarfi við foreldra, formlegt ferli ef ágreiningsmál koma upp.
- Fræða nemendur skipulega um netöryggi.
- Kennarar fái reglulega endurgjöf á störf sín með heimsóknum skólastjóra og/eða jafningjamati.

- Skrá ætti hvernig ábyrgð er háttað fyrir hvert verkefni og láta það koma fram, m.a. á heimasíðu skólans.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.
- Nemendum er kennt í aldursblönduðum hópum sem ýtir undir það viðhorf að allir séu einstakir og að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stað í námi.
- Skólahúsnæði og aðstaða Reykjahlíðarskóla er góð.
- Í stundatöflu nemenda er gefinn tími milli allra kennslustunda svo nemendur fái svigrúm til að koma sér milli staða.
- Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á stefnumörkun og verkefnum innan skólans.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að því að efla lesfimi markvisst hjá árgöngum sem mælast undir landsmeðaltali.
- Efla nám og kennslu í stærðfræði hjá mið- og unglíngastigi.
- Námsaðlögun þyrfti að koma betur fram í bekkjarnámskrá.
- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða í skólanámskrá.
- Skólinn gæti nýtt betur samþættingu námsgreina á öllum aldurstigum til nýsköpunar í kennsluháttum.
- Tækifæri er til markvissrar þjálfunar á samvinnu nemenda.
- Koma ætti á markmiðssetningu í námi hjá öllum nemendum skólans.
- Gæta þess að nemendur í 8. -10. bekk fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.

Innra mat

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Á heimasíðu skólans eru eldri sjálfsmatsskýrslur aðgengilegar.
- Í skólanum er þekking og reynsla af fjölþættu mati á innra starfi.

Tækifæri til umbóta

- Endurmeta ætti núverandi framkvæmd sjálfsmats og kannana.
- Vinna sjálfsmatsáætlun til næstu ára.
- Leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila og byggja upp meira traust gagnvart könnunum skólans með þátttöku þeirra í skipulagningu og framkvæmd matsins.
- Fylgja umbótaáætlunum skipulega eftir og gera grein fyrir því í sjálfsmatsskýrslu að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Bera áætlanir um umbætur undir skólaráð.

Skólabragur

Styrkleikar

- Skólabragur er almennt góður.
- Lögð er áhersla á dans, söng og leiklist og allir nemendur koma reglulega fram á hinum ýmsu uppákomum skólans.
- Starfsfólk skólans leggur sig fram um að stuðla að góðum skólabrag.
- Nemendum og starfsfólki líður almennt vel í skólanum.
- Jafnréttisáætlun nær bæði til nemenda og starfsmanna.
- Í forvarnaráætlun eru mismunandi áherslur miðað við aldur nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Skólareglur gætu verið sýnilegri í skólanum.
- Kynna formlega fyrir nemendum og foreldrum niðurstöður kannana sem þeir taka þátt í.
- Fylgja vel eftir skipulagi bekkjarfunda til að þeir nýtist sem best.
- Kenna nemendum sem veljast í ráð og nefndir að vinna á þeim vettvangi.
- Endurskoða vinnulag við undirbúning og fyrirlögn kannana á viðhorfum til skólans og um líðan nemenda og finna leiðir til að efla traust þáttakenda á að svörin séu ekki rekjanleg.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak námskrá og	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Reykjahlíðarskóla í Skútustaðahreppi

Reykjahlíðarskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur sem búa í Mývatnssveit og koma nemendur bæði úr þéttbýlinu í Reykjahlíð og dreifbýli. Fast skólahald hófst í Mývatnssveit árið 1947 en árið 1996 fluttist allt skólahald í Reykjahlíð. Árið 2007 var nafni skólans breytt úr Grunnskóli Skútustaðahrepps í Reykjahlíðarskóli.

Einkunnarorð skólans eru Virðing – Velliðan – Árangur.

Í skólanum eru 36 nemendur á vorönn 2019. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	5	0	8	5	1	4	4	5	4	
Samkennsluhópar				4. – 7. bekkur eru einn námshópur				8. og 9. bekkur eru einn námshópur.		

Starfsmenn Reykjahlíðarskóla í vetur eru 13; skólastjóri í 100% stöðu, fjórir kennarar í 3,6 stöðugildum, þrjú leiðbeinendur í tveimur stöðugildum og stuðningsfulltrúi í 90% stöðu. Þá starfa við skólann einn skólaliði og húsvörður í alls 125% stöðu, ásamt tveimur starfsmönnum í eldhúsi, í alls 170% stöðum. Námsráðgjafi kemur sem verktaki og skólahjúkrunarfræðingur kemur tvo daga í mánuði. Skólaþjónusta er keypt af Norðurþingi.

Frístundastarf er þrjú daga í viku eftir skóla fyrir 1. – 4. bekk og einu sinni í viku fyrir 5. – 7. bekk. Einnig er íþróttaskóli í umsjá Mývetnings, íþróttta- og ungmennafélags, í boði þrjú daga vikunnar. Frístundastarfið er í sama húsnæði og skólinn og er skólastjóri yfirmaður þess.

Í húsnæði Reykjahlíðarskóla starfa einnig Tónlistarskóli Mývatnssveitar og Leikskólinn Ylur. Samstarf er við tónlistarskólann og nemendur fá að sækja tónlistarnám á skólatíma þegar því verður við komið.

Fjórir nemendur eru af erlendum uppruna. Enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi í ár. Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eru alls fimm.

Engar kennslustundir hafa fallið niður á skólaárinu.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Skólafélag sveitarfélagsins Skútustaðahrepps er tiltölulega ný og var unnin í góðri samvinnu alls samfélagsins, m.a. með opnum fundi þar sem áhugasamir gátu mætt og lagt sitt af mörkum. Stefnunni fylgir metnaðarfull aðgerðaáætlun. Í rýnihópum kom fram ánægja með þá vinnu. Skóli og sveitarfélag eiga gott samstarf og leitast skólinn við að vinna samkvæmt markmiðum skólafélagsins og aðalnámskrár og eru grunnþættir sýnilegir í stefnu og starfi skólans. Einkunnarorð skólans, Virðing – Velliðan – Árangur, endurspeglar rétt nemenda til náms á eigin forsendum. Námskrár skólans eru birtar á heimasíðu skólans, sem og skólanámskrá og starfsáætlun. Stefna skólans er endurskoðuð reglulega. Mikilvægt er að allir aðilar skólasamfélagsins eigi aðild að stefnumótun skólans.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í Reykjahlíðarskóla og fram kom í rýnihópum að starfsmenn finna að lítið er á starfsmannahópinum sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur. Í fámennum skóla þarf gott samstarf og útsjónasemi til að allt gangi upp og virtust allir starfsmenn meðvitaðir um það. Reynt er að skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna, innan og utan skóla. Séð er til þess að niðurstöður varðandi stöðu og framfarir nemenda séu ræddar, skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum.

Símenntunaráætlun skólans er almennt orðuð í skólanámskrá og starfsáætlun. Þar kemur fram að ætlast er til þess að starfsmenn sem sækja endurmenntun á vegum skólans segi samstarfsfólki frá námskeiðinu á sérstökum fundum eða skili skólafélags skýrslu sem aðrir starfsmenn hafa aðgang að. Að sögn skólafélags er leitað eftir námskeiðum sem talin eru henta. Slíkar áherslur ættu að koma fram í starfsáætlun og tengjast umbótaáætlunum skólans.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Í fámennu samfélagi eins og í Skútustaðahreppi er hátt hlutfall íbúa við vinnu í skólanum, stofnunum tengdum skólanum eða sitja í ráðum og nefndum á vegum skóla og sveitarfélags. Foreldrafélag er starfandi við skólann og foreldrar eiga sæti í skólaráði, stýrihópi um Heilsueflandi grunnskóla og Grænfánaverkefni. Á haustin er kynningarfundur fyrir foreldra og skólafélags nýttir skólasetningu til að koma upplýsingum á framfæri og minna á að foreldrar bera einnig ábyrgð á jákvæðum skólabrag. Gefin er út „símaskrá“ sem fer inná öll heimili og geymir m.a. upplýsingar um það hverjir eiga sæti í hinum ýmsu nefndum og ráðum, einnig hvar nemendur eiga sæti og hverjir það eru. Grenndarsamfélagið er notað til kynninga og heimsóknna og situr fulltrúi grenndarsamfélagsins í skólaráði. Mikil mæting er úr samfélaginu þegar skólinn býður á samkomur eða viðburði.

Vegalengdir eru nokkuð miklar, sem og kostnaður, ef sækja á viðburði annað eða taka þátt með öðrum skólum. Þar koma foreldrar gjarnan að með akstri og undirbúningi. Hjá foreldrum kom fram að þeir eru tilbúnir til að leggja meiri vinnu af mörkum til skólastarfsins. Einnig kom fram hjá skólastjóra áhugi á því að vinna þéttar með foreldrum.

Frístund er starfrækt í skólanum og er skólastjóri yfirmaður hennar. Í skólanámskrá kemur fram hvernig samstarf er við önnur skólastig; leikskóla og framhaldsskóla.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Reykjahlíðarskóli varð skóli á grænni grein árið 2006 og var Grænfáninn afhentur formlega í fyrsta sinn árið 2008, og nú síðast árið 2012. Í umhverfisnefnd Grænfánans eru fulltrúar nemenda, foreldra og skólans. Skólinn var með Uppeldi til ábyrgðar sem uppeldisstefnu, en frá árinu 2013 hefur skólinn einkum stuðst við stefnuna Jákvæður agi. Lögð er áhersla á að starfsmenn, og þá einkum nýjir starfsmenn, fái námskeið til að vera betur í stakk búnir að vinna með stefnuna. Reykjahlíðarskóli hóf að starfa í anda Heilsueflandi grunnskóla árið 2014 og var þá stofnaður stýrihópur sem heldur utanum starfið. Í honum eru einn kennari, einn úr hópi annarra starfsmanna, einn úr nærsamfélaginu, eitt foreldri og tveir nemendur. Kennarar taka að sé ábyrgðarhlutverk varðandi vinnu við umbótaverkefni og hafa fengið til þess stuðning. Einhver vanhöld eru á því að fundargerðir séu haldnar eða að skráningar séu nægar um framgang verkefna. Gera þyrfti ráð fyrir þeirri starfsþróun sem þessi verkefni krefjast í símenntunaráætlun skólans.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn skóla- og kennsludagafjölda sem og vikulegan kennslustundafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Helstu upplýsingar um skólastarfið, þ.m.t. ýmsar stefnur, eru nú aðgengilegar á nýrri heimasíðu, en það var liður í aðgerðaráætlun skólastefnu sveitarfélagsins og sett yrði upp ný heimasíða fyrir skólann. Skólastjóri vinnur að því með sveitarfélaginu að skapa heilbrigt og traust umhverfi í skólanum og er öryggisfulltrúi í skólanum. Gætt er að góðri skjalastjórnun og persónuupplýsingum. Skráð er hvar nemendur eiga sæti í nefndum og ráðum og kemur það fram bæði á heimasíðu og í símaskrá. Ekki er til formlegt ferli ef ágreiningsmál koma upp nema ef um starfsmannahópinn er að ræða. Tengslakannanir meðal nemenda eru hluti að könnunum skólans á líðan nemenda. Nemendur virðast ekki fá skipulega fræðslu um netöryggi. Skólareglur eru ekki áberandi í skólanum en endurskoðun þeirra hefur verið í höndum skólastjóra, kennara og skólaráðs.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Í Reykjahlíðarskóla er skólastjóri eini formlegi stjórnandinn og kennarar axla ábyrgð á ýmsum verkefnum. Leitast er við að skipa kennslu og verkefnum niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar og að nýta vel þá þekkingu sem er í starfsmannahópnum. Nýir starfsmenn og kennarar fá stuðning og skólastjóri leggur áherslu á að vera sýnileg í skólanum og vera til staðar fyrir allt stafsfolk. Kennarafundir eru hálfsmánaðarlega og einnig starfsmannafundir. Skólastjóri fylgist með störfum starfsmanna og veitir þeim endurgjöf á störf. Í rýnihópi kennara kom fram að skólastjóri kíkir í kennslustofur og kemur ef þess er óskað, en fylgist ekki formlega með námi og kennslu og kennarar fá ekki reglulega endurgjöf á störf sín. Bæði kennarar og aðrir starfsmenn telja þó að þeir fái hrós fyrir störf sín og að þeim sé treyst. Starfsmannasamtöl eru árleg.

1.7 Leiðtogahæfni stórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og fagmennsku með því að sækja námskeið og með því að nota netið við þekkingaröflun. Hann er styðjandi við þá starfsmenn sem vilja sækja sér frekari menntun og leitast við að styrkja leiðtogahæfni starfsmanna skólans og fela breiðum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni. Ekki er þó nægjanlega skráð hver ber ábyrgð á hverju verkefni og þyrfti það að koma betur fram, m.a. á heimasíðu skólans.

Hugað er að heilsueflingu starfsmanna og tekur skólinn m.a. þátt í Lífshlaupinu. Sveitarfélagið er líka með íþróttastyrki til starfsmanna.

Það má velta því fyrir sér hvort nægjanlega sé gert ráð fyrir því að skólastjórum minni skóla, ekki síst ef þeir liggja afskekkt, sé gert kleift að sinna eigin starfsþróun og hafi svigrúm til að sinna eigin heilsu.

Styrkleikar

- Skólastefna sveitarfélagsins Skútustaðahrepps er tiltölulega ný og var unnin í góðri samvinnu alls samfélagsins.
- Skólastjóri skapar svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna, innan og utan skóla.
- Séð er til þess að niðurstöður varðandi stöðu og framfarir nemenda séu ræddar, skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum.
- Starfsmenn sem sækja endurmenntun á vegum skólans miðla áfram til samstarfsfólks á sérstökum fundum eða skila skýrslu um námskeiðið til skólastjóra sem er aðgengileg fyrir allt starfsfólk.
- Gefin er út „símaskrá“ sem fer inná öll heimili og geymir m.a. upplýsingar um það hverjir eiga sæti í hinum ýmsu nefndum og ráðum, einnig hvar nemendur eiga sæti og hverjir það eru.
- Foreldrar eiga sæti í skólaráði, stýrihópi um Heilsueflandi grunnskóla og Grænánaverkefni.
- Grenndarsamfélagið er notað til kynninga og heimsókna og situr fulltrúi grenndarsamfélagsins í skólaráði.
- Mikil mæting er úr samfélaginu þegar skólinn býður á samkomur eða viðburði.
- Lögð er áhersla á að starfsmenn fái námskeið sem henta stefnum skólans.
- Kennarar taka að sé ábyrgðarhlutverk varðandi vinnu við umbótaverkefni og hafa fengið til þess stuðning.
- Skráð er hvar nemendur eiga sæti í nefndum og ráðum og kemur það fram bæði á heimasíðu og í símaskrá.
- Skólastjóri leggur áherslu á að vera sýnilegur í skólanum og til staðar fyrir allt stafsfolk.
- Kennarafundir eru hálfsmánaðarlega og einnig starfsmannafundir.
- Skólastjóri fylgist með störfum starfsmanna og veitir þeim endurgjöf á störfum.
- Leitast er við að styrkja leiðtogahæfni starfsmanna skólans og fela breiðum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni.

Tækifæri til umbóta

- Allir aðilar skólasamfélagsins ættu að eiga aðild að stefnumótun skólans.
- Skólaráð fái til umfjöllunar þær stefnur og skjöl sem lúta að skólastarfinu sbr. reglugerð.
- Mikilvægt er að nemendur fái þjálfun í að taka þátt í störfum nefnda og ráða.

- Áherslur um símenntun starfsmanna komi fram í starfsáætlun og tengist umbótaáætlunum skólans.
- Tryggja að fundargerðir séu haldnar og að framgangur verkefna sé reglulega skráður.
- Gera ráð fyrir þeirri starfsþróun sem skólastarfið er talið þarfnast í símenntunaráætlun skólans.
- Vinna og skrá, í samstarfi við foreldra, formlegt ferli ef ágreiningsmál koma upp.
- Fræða nemendur skipulega um netöryggi.
- Skólareglur verði sýnilegri og þær endurskoðaðar í samvinnu allra fulltrúa skólasamfélagsins.
- Kennarar fái reglulega endurgjöf á störf sín með heimsóknum skólastjóra og/eða jafningjamati.
- Gæta að því að skrá hver ber ábyrgð á hverju verkefni og láta það koma fram, m.a. á heimasíðu skólans.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak námskrá	og	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
----------------	----	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Í Reykjahlíðarskóla er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda. Nemendur fá nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár. Í skólanámskrá er lögð áhersla á stefnu stjórnvalda og leiðir til að mæta þeim. Bekkjarnámskrár og áætlanir endurspeglar þessar áherslur stjórnvalda, svo sem stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakar áherslur sveitarfélagsins. Læsisstefna skólans/sveitarfélagsins er í vinnslu. Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í bekkjarnámskrá og fram kemur hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda. Fram kemur í einstaklingsnámskrá hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er hverju sinni en námsaðlögun vegna nemenda sem þurfa tilhliðranir þyrftu að koma betur fram í bekkjarnámskrá. Stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjar og er hann fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.

Nemendur 1. bekkjar fá reglubundna tónlistarkennslu hjá umsjónarkennara en aðrir nemendur ekki vegna vöntunar á tónlistarkennara. Unnið er að útbótum þar á. Tónlist er hinsvegar mjög samþætt starfi skólans. 29 af 36 nemendum skólans stunda nám í tónlistarskólanum og fer það nám fram á skólatíma eða í tengslum við hann. Einnig er mikið um tónlist í tengslum við árs hátíð skólans, litlu jólin, þorrablót, danskennslu og með söng á sal.

2.2. Árangur náms


Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemanda og nemendahópa og hann skráður. Í skólanámskrá er lögð áhersla á fjölbreytt námsmat og að kennarar meti framgang náms jafnt og þétt allt skólaárið og noti til þess fjölbreyttar matsaðferðir. Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá. Í könnun sem skólinn leggur fyrir kemur fram að 77% nemenda líður vel eða mjög vel í skólanum. 17% nemenda líður sæmilega og 6% nemenda líður mjög illa.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Hér er samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa. Birt er uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár.

4. bekkur



Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar í íslensku á samræmdum könnunarprófum sýnir að hann hefur verið yfir landsmeðaltali frá 2011. Árangur í stærðfræði hefur hins vegar dalað og uppsafnað meðaltal fyrir 2015-2018 er rétt undir meðaltali.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku var nokkuð yfir landsmeðaltali á árunum 2009-2014 en uppsafnað meðaltal fyrir 2015-2018 sýnir að hann hefur dalað en er þó enn rétt yfir meðaltal. Árangur í stærðfræði hefur einnig verið yfir landsmeðaltali til 2014 þó ekki eins mikið og í íslensku. Uppsafnað meðaltal fyrir árin 2015-2018 sýna þó að hann hefur dalað og er kominn undir meðaltal.

9. bekkur

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var rétt við landsmeðaltal í íslensku en undir í stærðfræði og ensku.

10. bekkur



Árangur í 10. bekk hefur verið yfir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði þegar litið er á uppsafnað meðaltal fyrir árin 2008 til 2013. Árangurinn dalaði á árunum 2014-2017 og er uppsafnað meðaltal fyrir þessi ár undir meðaltali fyrir bæði fögin. Árangur í ensku hefur hins vegar verið rétt við landsmeðaltal eða undir. Þegar uppsafnað meðaltal er skoðað fyrir árin 2014-2017 má sjá að árangurinn er að aukast, en er enn rétt undir meðaltali.


Lesferill

Reykjahlíðarskóli notast við matstækið Lesferil þar sem meðal annars er fylgst með lesfimi nemenda. Myndir af lesfimi eru ekki birtar þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu, en fram kemur að árangur nemenda er misjafn eftir árgöngum frá að vera um landsmeðaltal í að vera langt undir viðmiðum um árangur.

2.3 Gæði kennslu

Matsmenn voru á vettvangi í 16 kennslustundum, hjá öllum námshópum og flestum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Stefna skólans um kennsluhætti og kennslufræðilega hæfni kennara var sýnileg í vettvangsathugunum. Í tæplega 63% kennslustunda voru blandaðir kennsluhættir þar sem kennari kynnti viðfangsefni kennslustundar og nemendur hófu vinnu á mismunandi vegu svo sem með vinnubókavinnu, lausnaleit eða samvinnunámi. Í 31% kennslustunda var kennari fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Þá var oftast lögð áhersla á verkefnavinnu og vinnubækur. Í einni kennslustund var kennslan einungis leiðbeinandi en þá var nemandinn í forgrunni þar sem

kennslustundin var skipulögð þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms. Hægt væri að leggja meiri áherslu á kennsluaðferðir sem reyna meira á sjálfstæði nemenda, þar sem nemendur eru hvattir til meiri rökhugsunar og að takast á við lausnaleit og krefjandi spurningar sem leiða þá ekki endilega að einni réttari lausn. Skólinn gæti nýtt betur samþættingu námsgreina á öllum skólastigum til nýsköpunar í kennsluháttum og styður stefna skólans um blöndun árganga við þau tækifæri.




Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur. Í stundatöflu nemenda er gefinn tími milli allra kennslustunda svo nemendur fái svigrúm til að koma sér á milli staða eða taka hlé milli kennslustunda. Markmið kennslu og verkefna eru skráð í bekkjanámskrá og fást nemendur við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið. Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum. Í einstaklingsnámskrá sést hvernig tilhögun stuðnings er háttað. Lögð er áhersla á að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi og hafi þeir lokið viðmiðum námsmarkmiða í grunnskóla fá þeir tækifæri til að stunda nám í framhaldsskóla. Fjöldi nemenda á kennara í námshópum var frá þremur upp í tólf og var stuðningur með kennara í fjórum kennslustundum.

2.4 Skipulag náms

Skólahúsnaði og aðstaða Reykjahlíðarskóla er góð bæði fyrir almennt bóknám og list og verkgreinakennslu. Ípróttahús er við hlið skólans en sundkennsla fer fram á Laugum í Reykjadal og er hún kennd í lotum að hausti og vori. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu og taka virkan þátt í stefnumörkun, meðal annars með ábyrgð á teyllum í þróunarvinnu. Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum meðal annars í þemavinnu, fyrir árs hátíð og heilsueflandi teymi.

Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu náms og framfara og eru foreldrar ánægðir með almennar upplýsingar og fréttir sem þeir fá frá skólanum. Grenndarsamfélagið sem er á margan hátt einstakt er nýtt í skólastarfi svo sem í starfsnámi og umhverfisfræðslu, en leggja mætti enn meiri áherslu á nærumhverfið í skólastarfinu. Í vettvangsathugunum kom fram að nemendur vinna í 50% kennslustunda einstaklingslega en í 50% vinna þeir í blönduðum námsathöfnum. Í engri kennslustund var eingöngu lögð áhersla á markvissa samvinnu nemenda. Skólahúsnaði og stefna

styðja vel við að lögð yrði meiri áhersla á að þjálfra samvinnu nemenda. Í 25% kennslustunda nýttu nemendur upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni í námi.



2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir og virkir í kennslustundum. Þeim voru ljós markmið með kennslustundum og fóru eftir settum markmiðum kennara. Gott væri ef nemendum yrði kennt, og tækju virkari þátt í, að setja sér markmið í námi á öllum skólastigum en það eykur vitund þeirra um námsstöðu. Nemendur þjálfast að einhverju leyti í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu og mætti gera það enn markvissar á öllum skólastigum.

Nemendur í 8.-9. bekk (enginn nemandi stundar nám í 10. bekk á þessu skólaári) eru með fjórar kennslustundir á viku skilgreindar sem val og var ákveðið að festa valið vegna fámennra árganga. Á haustönn er textílmennt og myndmennt og á vorönn eru smíðar og heimilisfræði. Nemendum er heimilt að sleppa einni námsgrein á hvorri önn á móti vali utan skóla. Val utan skóla getur verið nám við tónlistarskóla, tímabundin þátttaka í atvinnulífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðaliðastarfi. Í starfsáætlun kemur fram að til viðbótar við valið séu vinnustofur þrjár kennslustundir í viku þar sem meðal annars er lögð áhersla á heimavinnu, stuðning í námi, undirbúning fyrir próf, ritgerðarvinnu og fleira tengt námi nemenda. Það orkar tvímælis að vinnustofur sem þessar séu túlkaðar sem frjálst val. Nemendum í 8.-10. bekk skal samkvæmt aðalnámskrá gefin kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans. Mikilvægt er að gæta þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins og taka nemendur meðal annars virkan þátt í skólaráði, í umhverfisnefnd Grænfána, nefnd um Heilsueflandi skóla og fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Haldnir eru bekkjarfundir og þá hafa nemendur einnig tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Í rýnihópi kom fram að efla mætti þjálfun nemenda enn betur til að vinna í nefndum og ráðum og að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.
- Nemendum er kennt í aldursblönduðum hópum sem ýtir undir það viðhorf að allir séu einstakir og að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stað í námi.
- Skólahúsnæði og aðstaða Reykjahlíðarskóla er góð.
- Í stundatöflu nemenda er gefin tími milli allra kennslustunda svo nemendur fái svigrúm til að koma sér milli staða.
- Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á stefnumörkun og verkefnum innan skólans.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að því að efla lesfimi markvisst hjá árgöngum sem mælast undir landsmeðaltali.
- Efla nám og kennslu í stærðfræði hjá mið- og unglíngastigi.
- Námaðlögun þyrfti að koma betur fram í bekkjarnámskrám.
- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða í skólanámskrá.
- Skólinn gæti nýtt betur samþættingu námsgreina á öllum aldurstigum til nýsköpunar í kennsluháttum.
- Tækifæri er til að þjálfa samvinnu nemenda markvisst.
- Nýta mætti grenndarsamfélagið enn betur.
- Koma ætti á markmiðssetningu í námi hjá öllum nemendum skólans.
- Gæta þess að nemendur í 8. -10. bekk fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Reykjahlíðarskóli gaf út sína fyrstu sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2008 - 2009. Skólaárið á undan voru gerðar miklar breytingar á skólanámskránni og var formlegri vinna við sjálfsmat og skýrslugerð liður í þeim breytingum.

Við innra mat á skólastarfi hefur skólinn undanfarin ár lagt megináherslu á eigin kannanir á líðan nemenda, líðan og viðhorfum starfsmanna og viðhorfum foreldra til einstakra þátta. Árið 2006 fór skólinn að starfa eftir Olweusaráætluninni en hefur frá 2014 starfað í anda stefnunnar eins og segir í skólanámskrá. Skólinn hefur nýtt sér reynslu af Olweusaráætluninni við gerð eigin kannana. Skólinn var einnig um tíma aðili að Skólapúlси en hætti því fyrir nokkrum árum og hefur síðan einnig valið og nýtt sér spurningar úr Skólapúlси við gerð eigin kannana. Skilgreind eru viðmið um líðan nemenda og einelti.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega og í skólanámskrá er fjallað um námsmat, sem á að vera fjölbreytt og meta ólíka þætti náms. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer ekki fram reglulega. Sjálfsmatsáætlun til fleiri ára liggur ekki fyrir.

3.2 Framkvæmd

Á heimasíðu skólans segir: „Framkvæmd sjálfsmats fer fram allt skólaárið og er það teymisvinna milli kennara og skólastjóra. Gerðar eru kannanir meðal starfsfólks, nemenda og foreldra og unnið út frá þeim.“ Skólastjóri og kennarar mynda matsteymi skólans. Í skólanámskrá og starfsáætlun er fjallað almennum orðum um áætlun um innra mat með vísan í lög og markmið. Einnig kemur fram í starfsáætlun hvaða þættir verða metnir á skólaárinu.

Á heimasíðu skólans eru sjálfsmatsskýrslur skólans frá því hann hóf skipulegt sjálfsmat. Af lestri þeirra má sjá að mikill metnaður var lengi framan af og margir þættir skólastarfs metnir með viðmið í skólanámsskrá. Einnig voru viðhorf foreldra metin ásamt líðan nemenda og starfsfólks. Þá voru unnar sjálfsmatsáætlanir til nokkurra ára í senn. Miðað við stöðuna nú þarf skólinn að endurmeta þá framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár og getur þá m.a. byggt á fyrri verkum, en ljóst er að innan skólans er bæði þekking og reynsla til að gera betur.

Innra mat þarf að byggja á fjölbreyttri gagnaöflun og einnig ætti skólinn að leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila; kennara, annarra starfsmanna, foreldra og nemenda varðandi skipulag og framkvæmd innra mats.

Í fyrstu voru eigin kannanir skólans lagðar fyrir skriflega og tóku foreldrar þátt í þeim þegar þeir mættu á viðburði í skólann. Síðast þegar kannanir voru lagðar fyrir, skólaárið 2017 - 2018, var það gert rafrænt. Í rýnihópum kom fram tortryggni gagnvart því að svör í þessum könnunum væru rekjanleg því væri niðurstaðan ekki nógu traust. Með rafrænum könnunum undanfarin tvö ár ætti traust til þeirra að hafa aukist, en mögulega væri unnt að byggja upp meira traust með þátttöku hagsmunaaðila í skipulagningu og framkvæmd matsins.

3.3 Umbætur

Í sjálfsmatsskýrslum, sem eru á heimasíðu skólans allt frá skólaárinu 2008 – 2009, eru tilgreindir sterkir og veikir þættir og tillögur að úrbótum. Umbótatillögur eru yfirleitt almennt orðaðar og ekki nægilega gerð grein fyrir því hver, hvernig eða hvenær á að hrinda þeim í framkvæmd eða fylgja þeim eftir. Þá er ekki nægjanlega gerð grein fyrir því hvernig hefur gengið að hrinda umbótaáætlun fyrra árs í framkvæmd og hvort markmið sem stefnt var að hafa náðst. Áætlanir um umbætur eru ekki bornar undir skólaráð.

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Á heimasíðu skólans eru eldri sjálfsmatsskýrslur aðgengilegar.
- Í skólanum er þekking og reynsla af fjölþættu mati á innra starfi.

Tækifæri til umbóta

- Endurmeta núverandi framkvæmd innra mats og kannana.
- Vinna sjálfsmatsáætlun til næstu ára.
- Leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila og byggja upp meira traust gagnvart könnunum skólans með þátttöku þeirra í skipulagningu og framkvæmd matsins.
- Mat á kennslu og fagmennsku kennara fari fram reglulega.
- Fylgja umbótaáætlunum skipulega eftir og gera grein fyrir því í sjálfsmatsskýrslu að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Bera áætlanir um umbætur undir skólaráð.

Þáttur 4 – Skólabragur

Fjórdi þáttur er val sveitarfélags og skóla og er ekki tekinn með í prófílmmynd skólans.

4.1. Stefna og viðhorf

Í skólanámskrá Reykjahlíðarskóla er fjallað sérstaklega um skólabrag. Þar er lögð áhersla á jákvæð samskipti þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð. Gildi skólans eru Virðing – Vellíðan – Árangur. Nemendum er gerð grein fyrir mikilvægi þátttöku þeirra í mótun jákvæðs skólabrags. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði Jákvæðs aga sem gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Í námsvísun kemur fram að kennsla í lífsleikni tekur mið af aldri og þroska nemenda og styður við sterka sjálfsmynd, heilbrigða lífshætti og uppeldi til jafnréttis.

Stjórnendur og starfsfólk skólans leggja sig fram um að skapa jákvæðan skólabrag í skólanum með það að markmiði að skilyrði til uppeldis og menntunar nemenda og almennrar velferðar þeirra séu sem best.

4.2. Líðan nemenda

Í skólanámskrá kemur stefna skólans um líðan nemenda skýrt fram. Skólinn á að vera staður þar sem öllum á að líða vel og finna til öryggis. Skólinn var þátttakandi í Olweusarverkefninu gegn einelti frá

haustinu 2006 fram til 2014. Síðan hefur skólinn lagt fyrir eigin könnun um líðan nemenda þar sem viðmiðið er að 80% nemenda líði vel eða mjög vel í skólanum og að enginn sé lagður í einelti. Í niðurstöðum úr slíkri könnun frá mars 2018 kemur fram að tæplega 77 % nemenda líður vel eða mjög vel í námshópum, 17, % líður sæmilega en 6 % mjög illa. Þá segjast 6% nemenda vera lagðir í einelti í skólanum, en þegar nemendur eru spurðir hvort þeir telji að einhver sé lagður í einelti í námshópnum segja 72 % að svo sé ekki en 28% segjast ekki vita það. Í rýnihópum kom fram tortryggni gagnvart því að svör í þessum könnunum væru rekjanleg.

Í skólanámskrá kemur fram áhersla á samstarf heilsugæslu og skóla um heilbrigði. Árið 2014 hóf skólinn innleiðingu á stefnu um Heilsueflandi grunnskóla.

Skólinn er fámennur og með litla námshópa. Samkenndsla er hjá öllum nemendum. Nálægðin er mikil og allir þekkjast vel. Hefðir og siðir í skólastarfinu, þar sem reglubundið skólastarf er brotið upp, eiga stóran þátt í að viðhalda og móta góðan skólabrag. Lögð er áhersla á dans, söng og leiklist í skólanum og allir nemendur koma a.m.k. tvisvar á hverju skólaári fram á hinum ýmsu uppákomum skólans. Þannig leitast skólinn við að efla félagsfærni nemenda og auka sjálfstraust þeirra.

4.3. Nemendalýðræði

Nemendafélag er starfandi við skólann og skipuleggur það félagsstarf nemenda í 6. – 10. bekk. Einnig hafa nemendur sjoppuráð þar sem elstu nemendur axla ábyrgð. Nemendur bjóða sig fram og er kosið um þessi embætti. Nemendur eiga sæti í skólaráði, Grænfánaverkefni og stýrihópi um Heilsueflandi grunnskóla. Í samræmi við stefnu um Jákvæðan aga eru bekkjarfundir haldnir reglulega þar sem nemendum gefst kostur á að setja mál á dagskrá. Fylgja þarf vel eftir skipulagi bekkjarfunda til að þeir nýtist sem best. Nemendur mæta einnig með foreldrum á fundi kennara í skólanum og geta komið sínum sjónarmiðum á framfæri.

4.4. Verklagsreglur og áætlanir

Í skólanámskrá er eineltisáætlun skólans þar sem m.a. er lýst vinnuferli um það hvernig er tekið á einelti. Eineltisráð er starfandi við skólann og reglulegar kannanir á líðan nemenda kanna m.a. einelti í nemendahópnum. Einnig er til staðar áfallaáætlun. Jafnréttisáætlun skólans nær bæði til nemenda og starfsfólks. Skólaeignir eru ekki sýnilegar í skólanum en í rýnihópi nemenda kom fram að þau þekkja best reglur um bann við síma, tyggjó, hettum og húfum. Bekkjarreglur sáust víða í kennslurýmum.

Forvarnaráætlun er á heimasíðu skólans. Þar kemur m.a. fram að mikilvægt sé að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Lögð er áhersla á að hjálpa nemendum til að þroska félagslega eiginleika eins og sjálfsaga, ábyrgðartilfinningu, dómgreind, gagnrýna hugsun og hæfni í samskiptum við aðra. Einnig að mikilvægt sé að tengja forvarnir við sem flestar námsgreinar og má þar nefna lífsleikni, samfélagsfræði, náttúrufræði o.fl. Í forvarnaráætluninni eru mismunandi áherslur miðað við aldur nemenda.

Styrkleikar

- Skólabragur er almennt góður.
- Lögð er áhersla á dans, söng og leiklist í skólanum og allir nemendur koma reglulega fram á hinum ýmsu uppákomum skólans.
- Starfsfólk skólans leggur sig fram um að stuðla að góðum skólabrag.
- Bekkjarfundir eru haldnir.

- Nemendum og starfsfólki líður almennt vel í skólanum.
- Jafnréttisáætlun nær bæði til nemenda og starfsmanna.
- Í forvarnaráætlun eru mismunandi áherslur miðað við aldur nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Skólareglur gætu verið sýnilegri í skólanum.
- Kynna formlega fyrir nemendum og foreldrum niðurstöður kannana sem þeir taka þátt í.
- Fylgja vel eftir skipulagi bekkjarfunda til að þeir nýtist sem best.
- Kenna nemendum sem veljast í ráð og nefndir að vinna á þeim vettvangi.
- Endurskoða vinnulag við undirbúning og fyrirlögn kannana á viðhorfum til skólans og um líðan nemenda og finna leiðir til að efla traust þáttakenda á að svörin séu ekki rekjanleg.